



Launastefna Norðurþings

Hjá Sveitarfélaginu Norðurþingi ríkir virðing gagnkvart ólíkum störfum og starfsfólk sveitarfélagsins starfar sem ein heild þvert á svið og stofnanir. Launastefna Norðurþings tekur til allra starfsmanna sveitarfélagsins og er ætlað að styðja við og efla þjónustu við íbúa sem og styðja við hagkvæman og skilvirkan rekstur sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins. Fjármálastjóri er fulltrúi sveitarstjóra í að framfylgja launa- og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Norðurþing greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af mörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfshæfileikum, stjórnun og verkefnum. Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu koma fram allir meginþættir starfs.

Laun skulu ákvörðuð í samræmi við ofangreindar forsendur um þekkingu, hæfnisþætti, og ábyrgð í starfi. Allar ákvarðanir er varða laun skulu framkvæmdar samkvæmt verklagsreglum sveitarfélagsins. Allar launaákvarðanir skal vera hægt að rökstyðja. Tryggja skal að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Telji starfsmaður sig ekki rétt launaraðaðann getur viðkomandi óskað eftir að laun verði rýnd á grunni gildandi verklagsreglna jafnlaunakerfis sveitarfélagsins og ákvæða laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Launastefna þessi samræmist starfsmannastefnu Norðurþings. Jafnlaunastefna sveitarfélagsins Norðurþings er órjúfanlegur hluti af launastefnu sveitarfélagsins.

